

Lög

um sauðfjárbaðanir.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 4. gr. laga 30. nóvember 1914 um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóvember 1913, höfum látið færa viðauka þá og breytingar, sem ákveðnar eru í fyrnefndum lögum 30. nóvember 1914 inn í meginmál laganna frá 10. nóvember 1913 og gefum þau hjer með út sem

Lög um sauðfjárbaðanir.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið gefi með ráði dýralæknis út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfja tegundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra

4. gr.

Fyrirskipanir um það, hver baðlyf skuli nota, skulu birtar í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaaugsýsingar, fyrir 1. dag júnímánaðar ár hvert.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt, svo snemma að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirsmælum laga þessara.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Að öðru leyti gefur stjórnarráðið út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sje fylgt.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfje til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 40, frá 8. nóvbr. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Nr. 58.

30.
nóvbr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Bráðabirgðalög

Nr. 59.

30.
nóvbr.

um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkv. 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnegum tillögum stjórnarráðs Íslands um það að nauðsyn beri til, vegna styrjaldar þeirrar er nú geysar í Norðurálfu, að auka veltufje á Íslandi um stundarsakir, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ráðherra Íslands heimild til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn, samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, getur gefið út.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslands banka til loka septembermánaðar 1915 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en hálfa milljón króna í mesta lagi.

Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því aðeins leyfa, að:

1. að minnsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr 2½ milljón kr., sje málmforði samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.